

## Listó

Listafélag Verzlunarskóla Íslands setur upp leiksýningu í hátíðarsal skólans ár hvert. Mikill metnaður er lagður í uppsetninguna og ekki síður í leikmyndina en nemendur sjá alfarið um hana sjálfir.

Að þessu sinni völdu nemendur að setja upp leikritið Herra Kolbert eftir David Gieselmann í leikstjórn Eddu Bjargar Eyjólfsdóttur en hún lék stórt hlutverk í verkinu þegar það var sett upp af Leikfélagi Akureyrar 2006.

Herra Kolbert er margverðlaunað leikrit sem sýnt hefur verið um

allan heim og vakið mikla athygli. Í verkinu tvinnast saman ómótstæðilegur húmor og hvöss ádeila.



Hægt er að kynna sér verkið og líflégt umstangið í kringum uppsetninguna á [fésbókarsíðu Listafélagsins](#).

Við hvetjum fjölskyldur nemenda eindregið til þess að koma og njóta saman metnaðarfullrar leiksýningar á vægu verði, einungis 1500 kr. Leikritið var frumsýnt 6. nóvember. Næsta sýning er 20. nóvember. Hægt er að kaupa miða [hér](#)

## Af dansleikjahaldi

Nemendafélagið stóð fyrir dansleik í Vodafonehöllinni 10. nóvember síðastliðinn. Ballið tókst vel að mati þeirra sem höfðu umsjón með því og nemendur voru mjög ánægðir með framlag [Sean Kingstons](#), sem kom sérstaklega frá USA til þess að skemmta ballgestum. 1669 miðar seldust og af þeim blés tæplega helmingur (um 44%) í áfengismæli og hafði sannanlega ekki bragðað áfengi fyrir ballið. Í ljósi þess hversu stórt ballið var eru þessar tölur í samræmi við væntingar okkar. Margt helst í hendur þegar kemur að forvörnum og einn mikilvægur þáttur er edrúpotturninn. Við erum farin að sjá áhrif hans á eldri nemendur því margir þeirra eru farnir að hafa orð á því að það sé eftirsóknarvert að vera dregin út enda höfðu vinningarnir til nemenda. Edrúpotturninn var óvenju glæsilegur í þetta skiptið og munaði þar mest um framlag Foreldraráðsins, sem lagði til 16 gjafabréf, hvert að verðmæti 10.000.– kr. Listi yfir vinningshafa er birtur á [heimasíðu skólans](#).



## Miðannarmat, eftirfylgni:

Nú þegar prófin eru á næsta leiti er rétt að hvetja foreldra og forráðamenn til þess að fara yfir stöðu mála með börnum sínum, bæði hvað varðar námsframvindu og ekki síður varðandi mætingar. Miðannarmatið er gott viðmið og eru niðurstöður matsins notaðar af skólayfirvöldum til þess að ýta við nemendum sem fengu slaka útkomu. Námsráðgjafar hafa undanfarið kallað þá nemendur til sín sem komu illa út, leita skýringa á stöðu þeirra og hvetja þá til þess að taka námið fastari tókum.

## Próftafla

Próftafla haustannar er á heimasíðu skólans en hana má einnig nálgast [hér](#). Prófin verða með nokkru breyttu sniði þar sem nemendur á 1. ári verða enn í kennslustundum á meðan 4.— 6. bekkur er byrjaður í prófum. Skv. nýrri námskrá þá eiga nemendur í 3. ára námi að fá meiri kennslu en áður hefur verið.

## Vælið

Vælið, söngkeppni skólans, fer fram í Eldborgarsal Hörpu föstudaginn 20. nóvember. Vælið er annar af hápunktum haustannar í starfi nemendafélagsins. Undirbúningur og framkvæmd hvíla á herðum skemmtinefndar sem hefur unnið hörðum höndum samhliða námi sínu undanfarna daga. Á Vælinu koma fram hæfileikaríkir nemendur skólans og láta ljós sitt skína í keppni sem umfram allt miðar að því að skemmta áhorfendum. Æskilegt er að nemendur mæti í finum klæðum. Húsið verður opnað kl. 19:30 og hefjast herlegheitin klukkan 20:00. Öll neysla áfengis er að sjálfsögðu bönnuð.